

# Glósutækni

## Til hvers að glósa?

- Þú verður sjálfkrafa virkari í tímum.
- Skipulegar glósur auðvelda verulega alla upprifjun.
- Þú manst betur efni hvernar kennslustundar.
- Þú færð gott yfirlit yfir námsefnið.

## Glósuferli:

**Hlusta** -hlusta vel og leggja áherslu á að skilja það sem kennarinn segir en ekki að glósa hvert orð.

**Meta og aðgreina** -mikilvægt er að greina aðalatriði frá aukaatriðum og átta sig á lykilatriðum í fyrirlesturinum.

**Framsetning** -reyndu að setja hlutina fram í fáum en skýrum orðum. Notaðu eigið orðalag, með því að umorða nærðu betri skilning á efninu. Til að flýta fyrir er gott að nota skammstafanir og tákn.

**Glósa** það sem kennarinn segir.

1. Hlusta og meta það sem skal glósa
2. Skrá aðalatriðin
3. Endurskoða

Í fyrirlesturum getur verið gott að koma sér upp kerfi; nota styttingar og tákn og hafa 1/3 af bls.auða svo hægt sé að skrifa lykilorð þar.